

löghaldskostnaður. Jafnframt sé krafist staðfestingar á löghaldi í flugvél-
inni TF-VLU nr. 464, sem lagt hafi verið á hinn 20. október 1986.

— — —

D ó m s o r ð:

Staðfest er löghald sem gert var í flugvélinni TF-VLU nr. 464, sem
lagt var á hinn 20. október 1986.

Stefndi, Arnarflug hf., greiði stefnanda, Gísla Maack, kr. 2.212.
679,00 ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 1.769.284,00 frá
1. ágúst 1986 til greiðsludags.

Miðvikudaginn 24. febrúar 1988.

Nr. 163/1987. **Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**

(Gunnlaugur Claessen hrl.) og

Tómas Sveinbjörnsson

(Agnar Gústafsson hrl.)

gegn

Ingimundi K. Helgasyni

og gagnsök

(Gylfi Thorlacius hrl.)

Skaðabótamál. Lögreglumenn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen,
Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlends-
dóttir og Sigurður Líndal prófessor.

Aðaláfrýjandinn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs skaut máli þessu
til Hæstaréttar með stefnu 20. maí 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi
18. s.m. samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst
aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara sýknu að svo
stöddu og í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og

fyrir Hæstarétti. Til þrautavara krefst hann lækkunar á fjárkröfum gagnáfrýjanda og verði þá málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti látinn niður falla.

Aðaláfrýjandinn Tómas Sveinbjörnsson skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 31. ágúst 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s.m. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara að fjárkröfur gagnáfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn niður falla.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. júlí 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 26. júní 1987. Dómkröfur hans eru þessar: Að aðaláfrýjendur, Tómas Sveinbjörnsson og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, verði dæmdir til að greiða in solidum 1.484.534,00 krónur með 19% ársvöxtum frá 29. janúar 1979 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1984, 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí 1985, 22% ársvöxtum til stefnubirtingardags, 12. desember 1985, en frá þeim degi með dómvöxtum skv. lögum nr. 56/1979 til 14. apríl 1987 og frá þeim degi til greiðsludags með dráttarvöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 15. gr. sömu laga.

Til vara krefst gagnáfrýjandi að aðaláfrýjandi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs verði dæmdur til að greiða kr. 1.484.534,00 með sömu vöxtum sem krafist er í aðalkröfu frá 29. janúar 1979 til greiðsludags.

Til þrautavara krefst gagnáfrýjandi að aðaláfrýjandi Tómas Sveinbjörnsson verði dæmdur til að greiða 1.484.534,00 krónur með sömu vöxtum sem krafist er í aðalkröfu frá 29. janúar 1979 til greiðsludags.

Í öllum tilvikum gerir gagnáfrýjandi til vara kröfu um lægri fjárhæð að mati réttarins, verði ekki fallist á fjárhæðir framangreindra krafna.

Þá krefst gagnáfrýjandi greiðslu á útlögðum kostnaði, 17.915,00 krónum.

Gagnáfrýjandi krefst málskostnaðar í héraði að skaðlausu eins og ekki sé um gjafsóknarmál að ræða, en fyrir Hæstarétti er krafist málskostnaðar að skaðlausu.

Fyrir Hæstarétt hefur gagnáfrýjandi lagt nýjan örorkutjónsút-reikning Jóns E. Þorlákssonar tryggingastærðfræðings frá 21. janúar 1988. Einnig hefur gagnáfrýjandi lagt fyrir Hæstarétt endurrit úr fógetabók Reykjavíkur af fjárnámssgerð, sem fram fór 23. mars 1987 samkvæmt beiðni hans eftir héraðsdómi í máli þessu hjá aðaláfrýjandanum Tómasi Sveinbjörnssyni.

Í hinum áfrýjaða dómi er rakið örorkumat Björns Önundarsonar tryggingayfirlæknis svo og ályktun lækna ráðs um að einkenni gagnáfrýjanda um brjós-klos megi mjög sennilega rekja til átaka þeirra sem hann lenti í við aðaláfrýjandann Tómas. Hefur lækna ráð einnig staðfest örorkumatið.

Þegar litið er til meiðsla þeirra sem gagnáfrýjandi varð fyrir verður að telja að þau séu líkleg til að valda skertu aflahæfi hans.

Með fjárnámssgerð þeirri, sem fram fór að kröfu gagnáfrýjanda eftir héraðsdómi hjá aðaláfrýjandanum Tómasi án fyrirvara um áfrýjun, hefur gagnáfrýjandi fyrirgert rétti til heimtu hærri fjárhæðar en héraðsdómari dæmdi.

Ber samkvæmt framansögðu að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um fébótaábyrgð aðaláfrýjandans Tómasar og fjárhæð bóta.

Ákvæði 5. gr. laga nr. 56/1972 um lögreglumenn þykir verða að skýra þannig að fébótaábyrgð ríkissjóðs sé til vara ef tjónvaldur er óþekktur eða ef ekki tekst að heimta bætur úr hendi hans. Við fjárnám það sem gert var hjá aðaláfrýjandanum Tómasi kom fram að hann er eignalaus. Þykir það eins og hér stendur á nægilegt til að greiðsluskylda ríkissjóðs verði virk.

Samkvæmt þessu ber því að fallast á niðurstöðu héraðsdóms um óskipta greiðsluskyldu aðaláfrýjandans fjármálaráðherra með aðaláfrýjandanum Tómasi.

Samkvæmt þessu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur, þó

þannig að frá 14. apríl 1987 til greiðsludags greiðist hæstu innláns-vextir samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands, sbr. vaxtalög nr. 25/1987.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað og gjafsóknarkostnað eiga að vera óröskuð.

Eftir þessum úrslitum verða aðaláfrýjendur dæmdir til að greiða gagnáfrýjanda óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, 115.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig að frá 14. apríl 1987 til greiðsludags greiði aðaláfrýjendur, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Tómas Sveinbjörnsson, gagnáfrýjanda, Ingimundi K. Helgasyni, óskipt hæstu innlánsvexti samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands, sbr. vaxtalög nr. 25/1987.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað og gjafsóknarkostnað eiga að vera óröskuð.

Aðaláfrýjendur greiði gagnáfrýjanda óskipt 115.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Guðmundar Jónssonar og
Guðrúnar Erlendsdóttur.**

Við erum sammála atkvæði meirihluta dómenda að öðru leyti en því er varðar aðaláfrýjandann fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Við teljum að skýra beri ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 56/1972 á þann veg, að með því sé kveðið á um beina fébótaábyrgð ríkissjóðs á tjóni sem lögreglumenn verða fyrir vegna starfs síns. Samkvæmt því teljum við að gagnáfrýjandi eigi þegar af þeirri ástæðu rétt á að fá bætur dæmdar óskipt úr hendi beggja aðaláfrýjenda. Með vísan til þessa erum við samþykk dómsorði meirihluta dómenda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. janúar 1987.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 12. janúar sl., hefur Ingimundur K. Helgason lögregluvarðstjóri, Strönd v/Nesveg Seltjarnarnesi, nnr. 4694-1586, höfðað með stefnu birtri 12. desember 1985 á hendur fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Tómasi Sveinbjörnssyni, nnr. 8904-1325, Kambsvegi 6 Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær aðallega að stefndu greiði in solidum kr. 1.484.534,00 með 19% ársvöxtum frá 29. janúar 1979 til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, en frá þeim degi með 27% ársvöxtum til 1. desember 1979, en frá þeim degi með 31% ársvöxtum til 1. júní 1980, en frá þeim degi með 35% ársvöxtum til 1. júní 1981, en frá þeim degi með 34% ársvöxtum til 1. nóvember 1982, en frá þeim degi með 42% ársvöxtum til 21. september 1983, en frá þeim degi með 35% ársvöxtum til 21. október 1983, en frá þeim degi með 32% til 21. nóvember 1983, en frá þeim degi með 27% ársvöxtum til 21. desember 1983, en frá þeim degi með 21,5% ársvöxtum til 21. janúar 1984, en frá þeim degi með 15% ársvöxtum til 1. september 1984, en frá þeim degi með 17% ársvöxtum til 1. janúar 1985, en frá þeim degi með 24% ársvöxtum til 11. maí 1985, en frá þeim degi með 22% ársvöxtum til stefnubirtingardags, en frá þeim degi með dómvöxtum til greiðsludags.

Til vara að fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs verði dæmdur til greiðslu á kr. 1.484.534,00 með sömu vöxtum sem krafist er í aðalkröfu frá 29/1 1979 til greiðsludags.

Til þrautavara að Tómas Sveinbjörnsson, nnr. 8904-1325, Kambsvegi 6 Reykjavík, verði dæmdur til greiðslu á kr. 1.484.534,00 með sömu vöxtum sem krafist er í aðalkröfu frá 29/1 1979 til greiðsludags.

Í öllum tilvikum er krafist greiðslu á útlögðum kostnaði kr. 17.915,00.

Mál þetta er rekið sem gjafsóknarmál, en stefnandi krefst þó málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ eins og um gjafsóknarmál væri ekki að ræða.

Hann fer fram á að vextir leggist við höfuðstól um hver áramót, í fyrsta skipti 1. janúar 1980 og þannig áfram með árs millibili og að vextir reiknist af samanlögðum höfuðstól og vöxtum. Til vara krefst hann þess að vextir leggist við höfuðstól einu ári eftir upphafstíma kröfu, þ.e. í fyrsta skipti 29/1 1980 og að vextir reiknist þá af samanlögðum höfuðstól og vöxtum með árs millibili.

Sótt er þing af hálfu stefnda fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og þær dómkröfur gerðar aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara krefst hann sýknu að svo stöddu og málskostnaðar að mati réttarins. Til þrautavara krefst hann að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Sótt er þing af hálfu stefnda Tómasar Sveinbjörnssonar og þær dómkröfur gerðar aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður að skaðlausu, en til vara að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði felldur niður.

Sátt hefur verið reynd án árangurs.

Stefnandi hefur verið starfandi lögregluvarðstjóri á Seltjarnarnesi. Aðfaranótt mánudagsins 29. janúar 1979 tilkynnti lögreglan í Hafnarfirði honum að beðið væri um lögregluaðstoð að Látraströnd 44 Seltjarnarnesi. Þar ætti leigubífreiddastjóri í vandræðum með farþega. Stefnandi, sem var einn á vakt, fór á staðinn. Tilefni útkallsins reyndist það að stefndi Tómas Sveinbjörnsson hafði brotist inn í hús tengdafaforeldra sinna að Látraströnd 44. Var hann mjög ólvaður og var með háreysti og yfirgang. Vildi hann hafa tal af konu sinni sem hafði þá nokkru áður flutt heim til foreldra sinna með barn þeirra hjóna. Reyndi stefnandi að róa Tómas og fá hann út með sér. Ætlaði það að takast í byrjun, en síðan snerist Tómasi hugur og lenti í átökum milli þeirra. Bárust átökin niður tröppur inni í húsinu. Stefnanda tókst loks með hjálp Péturs Valdimarssonar, tengdaföður Tómasar, að handjárnna Tómas og koma honum í hendur lögreglumanna úr Reykjavík, sem komu á staðinn, en stefnandi hafði kallað þá til aðstoðar áður en hann fór inn í húsið.

Stefnandi heldur því fram að stefndi Tómas hafi ráðist að sér inni í húsinu og hafi hann því orðið að taka hann fangbrögðum. Þegar átök þeirra bárust niður stigann hafi Tómas náð að læsa fótunum utan um stefnanda miðjan og herða að, þannig að stefnanda hafi legið við öngviti. Stefnandi heldur því fram að hann hafi hlotið áverka við þetta. Í fyrstu hafi verið talið að um væri að ræða mar á rifjum. Síðar hafi komið í ljós mun alvarlegri áverkar sem rekja megi til árásarinnar. Byggir hann á læknisvottorðum læknanna Rögnvalds Þorleifssonar frá 19. ágúst 1979, Jóns Gunnlaugs-sonar frá 29. ágúst og 12. desember 1979, Kristins Guðmundssonar frá 26. nóvember 1979 og örorkumati Björns Önundarsonar tryggingayfirlæknis frá 25. júlí 1985. Ályktun tryggingayfirlæknis er eftirfarandi:

„Svo sem að ofan greinir lenti slasaði í átökum hinn 26.01. '79. Var þá talið í fyrstu að um mar á rifjum væri að ræða, en ekki hugað frekar að því hvort um löskun á hrygg gæti verið að ræða. Engar röntgenmyndir voru þá teknar. Einkenni komu þá síðar fram sem bentu til þess að um prolapsus disci intervertebralis gæti verið að ræða, þ.e. verkur í mjóhrygg, sem lá út í vi. rasskinn og niður í vi. ganglim. Slasaði var í tvö skipti vistaður á Borgarspítalanum í Reykjavík, skurðdeild, þ.e. 26.06. '79 til 30.06. '79 og öðru sinni frá 05.09. '79 til 14.09. '79 og var þá framkvæmd aðgerð, enda kom í ljós stórt brjós-klos á millum L IV og L V vinstra megin. Gangur eftir aðgerð var eðlilegur.

Svo sem að ofan greinir kvartar slasaði nú um verk í mjóhrygg og radierar sá verkur út á vi. rasskinn. Þá er dofi framan og lateralt á hæ. læri og niður í hné. Skertar hreyfingar eru einkum við frambyggju. Kraftar eru minnkaðir í vi. ganglim og vi. ganglimur vill svíkja slasaða, einkum þegar hann fer að þreytast.

Við skoðun finnst að frambyggja er verulega skert, og raunar er slasaði fixeraður frá mótum thoracolumbal hryggs og niður á sacrum. Greinilegar skyndtruflanir virðast vera lateralt og framan til á læri, svo sem að ofan er lýst. Ekki verður fundið annað en grófir kraftar í vi. ganglim séu eðlilegir.

Slasaði gengur óhaltur. Ekki koma fram vöðvarýrnanir, en laseq. er positívur við ca. 70°. Reflexar sýnast a.ö.l. vera innan eðlilegra marka.

Ekki skal dregið í efa að einkenni þau er að ofan greinir geti stafað af átökum þeim er áður er lýst. Vafasamt verður að telja að þessi einkenni gangi nú að marki til baka, þar sem svo langt er um liðið frá því áður nefnt slys átti sér stað.

Með tilliti til þess sem að ofan greinir þykir nú eðlilegt að meta þá tíma-bundnu og varanlegu örorku sem slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss og þykir hún hæfilega metin

í 5½ mánuð 100%
varanlega 20%.

Þá hefur málið verið lagt fyrir Læknaráð, sem komst að þeirri niðurstöðu að með tilliti til þeirra upplýsinga sem fyrir liggja sé mjög sennilegt að rekja megi einkenni stefnanda til átakanna sem hann lenti í 29. janúar 1979. Þá féllst ráðið á örorkumat tryggingayfirlæknis.

Dómkröfur sínar byggir stefnandi á því að hann hafi orðið fyrir tjóni við lögreglustörf af völdum Tómasar Sveinbjörnssonar.

Vísar hann til almennu skaðabóta-reglunnar um ábyrgð stefnda Tómasar á tjóninu. Þá höfðar hann málið einnig á hendur ríkissjóði og vísar þar um til 5. gr. laga nr. 56/1972 um lögreglumenn og til ákvæða kjarasamnings Landssambands lögreglumanna og fjármálaráðherra um slysabætur er í gildi voru þegar atburður þessi átti sér stað.

Af hálfu stefnda Tómasar er því neitað að hann hafi ráðist á stefnanda. Heldur Tómas því fram að er þeir komu niður í stigann hafi honum snúist hugur og hafi ekki viljað láta setja sig út. Hann hafi því haldið sér í handrið stigans og hafi þeir því lent í stimpingum. Hann kveðst ekki minnast þess að þessar stimpingar væru það harðar að kalla mætti þær meiri háttar átök, enda hafi hann ekkert átt við stefnanda að sakast. Af hálfu Tómasar er því algjörlega mótmælt að hann hafi læst fótunum utan um stefnanda. Því er mótmælt sem röngu og ósönnuðu að brjós-klos stefnanda eigi rót sína

að rekja til átaka þeirra Tómasar. Jafnvel þótt svo yrði talið er því haldið fram að um óhappatilviljun hafi verið að ræða. Stefndi Tómas hefði einungis haldið sér í handriðið svo þó átök stefnanda við að losa hann frá stigahandriðinu hafi orsakað brjóskslið sé það ekki á ábyrgð stefnda Tómasar þar sem brjóskslið sé ófyrirsjáanleg afleiðing mótsþyrnu stefnda.

Af hálfu ríkissjóðs er vakin athygli á eftirfarandi:

„Sú bótaregla sem fram kemur í 5. gr. laga 56/1972 um lögreglumenn er sérregla í íslenskum skaðabótarétti. Með henni er ætlað að tryggja að lögreglumenn fái fébætur fyrir líkamstjón sem þeir hljóta í starfi, þegar sýnt er að ekki er bótaskyldum aðila til að dreifa skv. almennum reglum skaðabótaréttar. Eðli starfsins gerir að sjálfsögðu að verkum að slíkt hendi af og til.

Hér stendur svo á að tjónvaldur er þekktur. Hann mun vera Tómas Sveinbjörnsson, meðstefndi í máli þessu. Tjónþoli á þess því kost að snúa sér beint að honum með kröfur sínar, sem hann hefur og gert. Við þær aðstæður á sérregla 5. gr. laga 56/1972 ekki við. Ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna umbjóðanda minn af kröfum stefnanda.

Verði ekki fallist á kröfu um sýknu er þess krafist til vara að umbjóðandi minn verði sýknaður að svo stöddu. Komist dómurinn að þeirri niðurstöðu að 5. gr. laga 56/1972 um lögreglumenn geti átt við, jafnvel þótt tjónvaldur sé þekktur, held ég því fram að ábyrgð ríkissjóðs geti ekki náð lengra en til vara. Hún komi því aðeins til ef sýnt er fram á að tjónvaldur sé ófær um greiðslu skaðabóta. Umbjóðandi minn verður ekki dæmdur solidariskt greiðsluskýldur við hlið tjónvalds. Við þær aðstæður verður því að sýkna umbjóðanda minn að svo stöddu.“

Aðilar hafa komið fyrir dóm og staðfest skýrslur sínar dskj. 3 og 7 stefnandi og dskj. nr. 6 stefndi. Þá hefur skýrsla Péturs Valdimarssonar verið tekin sem staðfest fyrir dómi. Allt eru þetta lögregluskýrslur. Þá hefur Júlíus J. Ármann lögregluþjónn staðfest skýrslu dskj. nr. 4.

Álit dómsins:

Vitnið Pétur Valdimarsson segir að stefnandi hafi reynt að fá stefnda Tómas út með góðu en Tómas hafi æstst upp og hafi þá stefnandi tekið í Tómas sem hafi tekið á móti. Hann hafi síðan sjálfur hjálpað stefnanda við að koma Tómasi út. Leikurinn hafi borist niður tröppurnar og niður í þvottahús. Hann segir að sér þygi ekki ólíklegt að stefnandi hafi eitthvað snúist í þessum átökum því þetta hafi verið ansi miklar stimpingar niður tröppurnar. Aðilar og þetta vitni eru þannig sammála um að stefndi Tómas hafi ekki viljað yfirgefa húsið með góðu og snúist öndverður við þegar stefnandi hugðist leiða hann út og hafi komið til átaka á milli þeirra. Stefndi Tómas á þannig sök á þessum átökum og þar sem í ljós er leitt

með læknisvottorðum, örorkumati og áliti Læknaráðs að mein stefnanda stafi frá þessum átökum þykir verða að leggja á stefnda Tómas skaðabóta-ábyrgð gagnvart stefnanda.

Af hálfu stefnda ríkissjóðs er ekki krafist frávísunar málsins. Skiptir því ekki máli þótt stefnandi reisi kröfur sínar á hendur ríkissjóði á öðrum grunni en gagnvart stefnda Tómasi, sbr. 1. mgr. 47. gr. laga nr. 85/1936, eins og henni var breytt með lögum nr. 28/1981.

Stefnandi byggir kröfu sína á hendur ríkissjóði á 2. mgr. 5. gr. laga nr. 56/1972 en þar segir: „Lögreglumenn eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón, sem þeir verða fyrir vegna starfs síns.“ Ákvæði þetta á rót sína að rekja allt aftur til ársins 1933. Það ár var lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um lögreglu ríkisins. Í 4. gr. þess frumvarps var ákvæði um að lögreglumenn ættu rétt til bóta fyrir skaða og meiðsli, er þeir yrðu fyrir vegna starfsins, eftir almennum reglum. Af greinargerð mátti ráða að slíkar bætur skyldi ríkið inna af hendi þegar ekki væru aðrir bótaskyldir. Við umfjöllun þingsins urðu veigamiklar breytingar á þessu frumvarpi, nafni þess og efni, þ. á m. á umdeildu ákvæði. Í endanlegri gerð var það kallað frumvarp til laga um lögreglumenn. Ákvæði það sem hér er um ræðir hljóðaði svo: „Lögreglumenn og varalögreglumenn eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón, sem þeir verða fyrir vegna starfsins.“ Þessu fylgdi engin greinargerð. Þannig varð frumvarpið að lögum. Af meðferð Alþingis á upphaflega frumvarpinu má sjá að hér er verið að ræða um ábyrgð ríkisins. Þegar litið er til þeirra umfangsmiklu breytinga sem urðu á upphaflegu frumvarpi í meðförum þingsins, þar á meðal á umdeildu ákvæði, og til þeirrar þróunar sem hefur orðið á réttindum launþega þykir nógildandi ákvæði ekki verða skýrt með tilvísun til framangreindra ummæla í greinargerð. Samkvæmt orðalagi sínu þykir nógildandi ákvæði rétt skýrt sem hér sé átt við hlutlæga og beina ábyrgð ríkisins á meiðslum og tjóni sem lögreglumenn verða fyrir í starfi. Þegar af þessum ástæðum þykir stefnandi mega beina kröfum sínum að stefnda ríkissjóði.

Þótt ábyrgð stefndu sé reist á ólíkum grunni þykir mega ákvarða hana in solidum gagnvart stefnanda.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar svo:

Vegna varanlegs örorkutjóns	kr. 1.334.534,00
Miskabætur	kr. 150.000,00
Samtals	kr. 1.484.534,00

Þórir Bergsson cand. act. reiknaði þann 20. apríl 1985 út verðmæti vinnutekjutaps stefnanda miðað við 20% varanlega örorku. Þar kemur fram að stefnandi var 47 ára á áverkadegi. Endanlegar dómkröfur stefn-

anda eru aftur á móti reistar á aðferð II á nýjum útreikningi Þóris frá 9. janúar sl. Útreikningurinn er eftirfarandi:

Áætlun vinnutekna og vinnutekjutaps verður nú þannig:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað varanlegt vinnutekjutap:
Árið 1979 (frá áverkad.)	kr. 116.467,00	kr. 23.293,00
— 1980	— 189.804,00	— 36.961,00
— 1981	— 283.691,00	— 56.738,00
— 1982	— 436.373,00	— 87.275,00
— 1983	— 694.951,00	— 138.990,00
— 1984	— 822.303,00	— 164.461,00
— 1985	— 1.068.451,00	— 213.690,00
— 1986	— 1.354.389,00	— 270.878,00
Síðan árlega	— 1.666.620,00	— 333.324,00

Verðmæti vinnutekjutaps á slysdagi.

Við útreikninga á slysdagsverðmæti vinnutekjutaps geri ég nú vaxtaskil 12. janúar 1987, þannig að eftir þann tíma eru notaðir 6% ársvextir. Yfir tímabilið milli 12. jan. 1987 og slysdags er tapið afvaxtað með vöxtum Landsbanka Íslands af almennum spariðlánnum og þeim beitt bæði sem samsettum vöxtum (Aðferð I) og einföldum vöxtum (Aðferð II).

Verðmæti taps, svo sem það er áætlað hér, reiknast nema á áverkadegi 29. janúar 1979:

	Aðferð I	Aðferð II
V/örorku til ársloka 1985	kr. 230.697,00	kr. 309.500,00
V/ — árið 1986	— 42.534,00	— 84.978,00
V/ — eftir það	— 453.127,00	— 940.056,00
Samtals	kr. 726.358,00	kr. 1.334.534,00.“

Reiknigrundvöllurinn er að öðru leyti með hefðbundnum hætti. Við ákvörðun bóta verður að taka tillit til þess að útreikningur vinnutekjutaps er að venju áætlaður með notkun hreins læknisfræðilegs mats á örorku. Hér er í raun ekki verið að meta raunverulegt vinnutekjutap. Þegar ekki er um meiri örorku að ræða má ætla að í læknisfræðilega matinu sé einnig fólgið mat á nokkrum miska. Rétt þykir því að áætla bætur fyrir örorku og miska í einu lagi. Þá ber að taka tillit til þess að stefnandi hefur haldið fullum launum sem lögreglumaður frá slysdagi og heldur starfi sínu áfram. Loks ber að venju að taka tillit til hagræðis við skattfrelsi og eingreiðslu bóta. Að þessu athuguðu og þegar hliðsjón er höfð af niðurstöðum skv. reiknisaðferð II þykja heildarbætur til handa stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 650.000,00.

Aðilar eru sammála um að frá þeirri fjárhæð eigi að dragast kr. 26.490,00 vegna greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins, sbr. dskj. 16, og kr. 11.142,00, sbr. dskj. 39, vegna greiðslna úr slysstryggingu lögreglu-manna.

Af hálfu stefnda ríkissjóðs hefur því verið mótmælt að lög nr. 56/1972 feli í sér skyldu ríkissjóðs til greiðslu miskabóta. Skirt fordæmi er þó fyrir því að leggja slíka skyldu á ríkissjóð, sbr. t.d. Hrd. 1976:621. Þessi framkvæmd verður því talin styðjast við dómvenju.

Krafa stefnanda er því tekin til greina með kr. 612.368,00.

Vextir dæmast frá slysdegi eins og í dómsorði greinir. Eins og mál þetta liggur hér fyrir er ekki efni til að dæma vaxtavexti, sbr. dóm Hæstaréttar frá 23. desember sl.

Rétt þykir að hver aðila beri sinn kostnað af málinu. Þar sem stefnandi hefur fengið gjafsóknarleyfi greiðist málskostnaður hans úr ríkissjóði, þ. á m. útlagður kostnaður kr. 17.915,00 og laun talsmanns hans, Gylfa Thorlacius hrl., kr. 90.000,00.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Stefndu, Tómas Sveinbjörnsson og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði in solidum stefnanda, Ingimundi K. Helgasynt, kr. 512.368,00, með 19% ársvöxtum frá 29. janúar 1979 til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, en frá þeim degi með 27% ársvöxtum til 1. desember 1979, en frá þeim degi með 31% ársvöxtum til 1. júní 1980, en frá þeim degi með 35% ársvöxtum til 1. júní 1981, en frá þeim degi með 34% ársvöxtum til 1. nóvember 1982, en frá þeim degi með 42% ársvöxtum til 21. september 1983, en frá þeim degi með 35% ársvöxtum til 21. október 1983, en frá þeim degi með 32% ársvöxtum til 21. nóvember 1983, en frá þeim degi með 27% ársvöxtum til 21. desember 1983, en frá þeim degi með 21,5% ársvöxtum til 21. janúar 1984, en frá þeim degi með 15% ársvöxtum til 1. september 1984, en frá þeim degi með 17% ársvöxtum til 1. janúar 1985, en frá þeim degi með 24% ársvöxtum til 11. maí 1985, en frá þeim degi með 22% ársvöxtum til stefnubirtingardags 12. desember 1985, en frá þeim degi með dómvöxtum, sbr. lög nr. 56/1979 til greiðsludags.

Hver aðila beri sinn kostnað af málinu.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talinn útlagður kostnaður kr. 17.915,00 og laun talsmanns hans, Gylfa Thorlacius hrl., kr. 90.000,00.